

Kirkjuþing 2021-2022

5. mál – þskj. 97

Nefndarálit og breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um æskulýðsmál.

Frá allsherjarnefnd

Frsm. Guðrún Karls Helgudóttir

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið og fékk á fund til sín þann 17. nóvember sl. fulltrúa í Æskulýðsnefnd, þau Evu Björk Valdimarsdóttur, Berglindi Hönnudóttur og Kristján Ágúst Kjartansson.

Allsherjarnefnd leggur til breytingartillögu sem mun hafa þau fjárhagslegu áhrif, verði hún samþykkt, að frá 1. janúar 2023 verður staða svæðisstjóra æskulýðsmála Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæma greidd af Þjóðkirkjunni en í dag er staða framkvæmdarstjóra ÆSKR greidd af Reykjavíkurprófastsdæmunum tveimur. Nú þegar er fræðslustjóri æskulýðsmála Austurlandsprófastsdæmis á launum frá Þjóðkirkjunni þar sem sú staða var áður staða héraðsprests. Kostnaðaraukning verður því einungis ein staða svæðisstjóra frá 1. janúar 2023 og tvær stöður til viðbótar haustið 2024.

Allsherjarnefnd leggur til að þingsályktunartillagan á þingskjali 5 verði samþykkt með eftirfarandi

breytingartillögu:

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir nýja skipan æskulýðsmála sem felur í sér eftirfarandi:

I. Svæðisstjórar æskulýðsmála Þjóðkirkjunnar – ný störf

a. Umdæmi og starfsstöðvar

Kirkjuþing samþykkir að ráðið verði í stöður fjögurra svæðisstjóra æskulýðsmála Þjóðkirkjunnar samkvæmt því sem nánar greinir í ályktun þessari. Svæðin fjögur eru:

1. Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmi
2. Vesturlands- og Vestfjarðaprófastsdæmi
3. Húnavatns- og Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
4. Austurlands- og Suðurprófastsdæmi

Starfsstöð svæðisstjóra æskulýðsmála verður æskulýðsmiðstöð umdæmisins og þar verður önnur æskulýðstengd aðstaða eftir ákvörðun héraðsnefndar.

b. Starfsskyldur svæðisstjóra, launakostnaður og starfsaðstaða

a. Svæðisstjóri æskulýðsmála:

- hefur í umboði biskups og prófasta tilsjón með æskulýðsstarfi á svæðinu
- fylgir eftir stefnumörkun og samþykktum kirkjuþings er varðar kirkjulegt starf fyrir ungmenni á svæðinu
- starfar með verkefnisstjórum æskulýðsmála og æskulýðsleiðtogum sem starfa sem fyrr fyrir söfnuði á svæðinu og kemur á tengingum á milli þeirra
- veitir söfnuðum á svæðinu stuðning og ráðgjöf um æskulýðsmál og mönnun þeirra
- hefur frumkvæðisskyldu til að stuðla að safnaðarstarfi fyrir ungmenni í söfnuðum svæðisins, s.s. að skipuleggja æskulýðsmót o.fl.
- annast daglega starfsemi æskulýðsmiðstöðvar svæðisins og er rekstrarstjóri hennar, í samræmi við samþykktir héraðsnefndar

b. Laun svæðisstjóra æskulýðsmála verða greidd af Þjóðkirkjunni

c. Héraðsnefndir prófastsdæma leggja til starfsaðstöðu á kostnað héraðssjóða

II. Innleiðing

Innleiðing þessa fyrirkomulags verður í tveimur áföngum.

a. Fyrri áfangi

Fyrri áfangi hefst 1. janúar 2023 en í honum verða tvær stöður svæðisstjóra æskulýðsmála stofnsettar, ein staða í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum og ein staða í Austurlands- og Suðurprófastsdæmum.

b. Seinni áfangi

Fyrirkomulagið verði metið og endurskoðað fyrir kirkjuþing að hausti árið 2024 og í framhaldi komið á í Vesturlands- og Vestfjarðaprófastsdæmum og Húnavatns- og Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmum.

III. Skipun starfshóps um æskulýðsmál

Kirkjuþing kjósi þriggja manna starfshóp um æskulýðsmál sem starfi á meðan nýtt fyrirkomulag er innleitt (sbr. lið II.) þ.e. til kirkjuþings haustið 2024.

Starfshópurinn verði biskupi Íslands til ráðgjafar við gerð starfslýsinga og ákvörðunar á kröfum til menntunar svæðisstjóra.

Starfshópurinn ber auk þess ábyrgð á fyrra skrefi innleiðingarinnar í samráði við biskup Íslands og prófasta þeirra prófastsdæma sem innleiðingin nær til.

Starfshópurinn skili kirkjuþingi skýrslu um framkvæmd þingsályktunar þessarar á kirkjuþingum 2023 og 2024.

IV. Ráðningarsamband starfsfólks í æskulýðsstarfi kirkjunnar

Kirkjuþing hvetur til þess að starfsfólk í æskulýðsstarfi sé almennt ráðið til starfa sem launþegar en ekki sem verktakar.

Reykjavík, 25. mars 2022.

Allsherjarnefnd

Guðrún Karls Helgudóttir, formaður

Anný Ingimarsdóttir

Árný Herbertsdóttir

Guðbjörg Arnardóttir

Guðlaugur Óskarsson

Kolbrún Baldursdóttir

Margrét Eggertsdóttir

Þuríður Björg Wium Árnadóttir